

# Endanlegir skilmálar

## OR180242 GB

gefnir út af Orkuveitu Reykjavíkur

í samræmi við 80.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar

dagsettan 8. apríl 2020.

### 1. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: *15. apríl 2021*

Gengi við sölu verðbréfanna: *1,0156319*

(„verðbréfin“ eða „skuldabréfin“ )

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 31. júlí 2020 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem feld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 80.000.000.000 kr. útgáfuramma Orkuveitu Reykjavíkur.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, [www.or.is/um-or/fjarmal](http://www.or.is/um-or/fjarmal). Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dags. 31. júlí 2020. Samantekt í tengslum við útgáfu verðbréfanna er að finna í hluta III í endanlegum skilmálum þessum.

## Hluti I: Skilmálar

### 1. Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur. Grein 1 gildir um verðbréfin.

### 2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um verðbréfin.

Útgáfugjaldmiðill verðbréfanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 2.197.500.000,-.

Nafnverðseiningar: Verðbréfin eru gefin út í einingum sem hver er 1 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréfi í flokki: ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

### **3. Útgáfuform**

Grein 3 gildir um verðbréfin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi sem hlutið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamiðstöð“).

### **4. Upplýsingar um eigendur verðbréfanna**

Grein 4 gildir um verðbréfin.

### **5. Greiðsluform**

Grein 5 gildir um verðbréfin.

### **6. Verðtrygging**

#### **Engin verðtrygging:**

Skuldabréfin eru óverðtryggð

### **7. Vextir**

Grein 7.1 gildir um skuldabréfin. Greiðsla vaxta skal vera 6 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 18. ágúst 2021 og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 18. febrúar 2042.

Form vaxta: Fastir vextir og gildir grein 7.2 um skuldabréfin.

#### **Fastir vextir:**

Fastir ársvextir eru 4,50%.

Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, innan 6 mánaða frá útgáfudegi skuldbréfanna eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði, þá hækka vextir skuldbréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti um 1 prósentustig (100 punkta), eða í 5,50% fasta vexti á ári. Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.

Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur 18. ágúst 2021. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er 6 mánuðir. Grein 7.5 gildir um skuldabréfin.

Dagregla: 30/360. Grein 7.6 gildir um skuldabréfin.

### **8. Endurgreiðsla höfuðstóls**

Endurgreiðsla höfuðstóls: Jafnar afborganir og gilda greinar 8.3 og 8.3(b) um skuldabréfin.

Fjöldi og tfðni afborgana: 42 á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga

Fyrsta greiðsla afborgana: 18. ágúst 2021.

Lokagjalddagi: 18. febrúar 2042.

Uppgreiðsluheimild: Grein 8.4 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi.

## **9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)**

Grein 9 gildir um skuldabréfin.

## **10. Bann við veitingu tryggingarréttinda**

Grein 10 gildir um skuldabréfin.

## **11. Löggjöf um útgáfuna**

Grein 11.(a) gildir um skuldabréfin.

## **12. Sérstök yfirlýsing**

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, G, H.

## **13. Vanefndir**

Grein 13 gildir um skuldabréfin.

## **14. Sérstakar gjaldfellingarheimildir**

Eftirfarandi stafliðir greinar 14.1 gilda um skuldabréfin: A, B, þar sem viðmiðunarfjárhæðin er kr. 2.000.000.000, C þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið 2020 og síðast fyrir árið 2041 og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið 2021 og síðast fyrir árið 2042, D þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið 2020 og síðast fyrir árið 2041 og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið 2021 og síðast fyrir árið 2042, E, F, G, H, I, J, K þar sem frestur til töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal vera innan 6 mánaða frá útgáfu, L, M. Jafnframt gildir grein 14.2 um skuldabréfin.

## **15. Skilmálabreyting**

Grein 15 gildir um skuldabréfin og telst samþykki eigenda að lágmarki 66,67% skuldabréfanna vera „almennt samþykkishlutfall“ en samþykki eigenda 90% skuldabréfanna telst „aukið samþykkishlutfall“.

## **16. Ágreiningsmál**

Grein 16 gildir um verðbréfin.

## **17. Hlunnindi**

Grein 17 gildir um verðbréfin.

## **18. Skattaleg meðferð**

Grein 18 gildir um verðbréfin. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Eigendur verðbréfanna bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af verðbréfunum

## **19. Græn skuldabréf**

Grein 19 gildir um skuldabréfin.

## **20. Sérstök skilyrði**

Grein 20 gildir um skuldabréfin.

## **21. Eigin bréf**

Grein 21 gildir um skuldabréfin.

# **Hluti II: Aðrar upplýsingar**

<b>1. Skráning og taka til viðskipta</b>	
Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin verðbréf í floknum IS0000032910 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	15. apríl 2021
Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar markaðir hf. hefur umsjón með frumsölu skuldabréfanna.
<b>2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð</b>	
Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa markaða hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu verðbréfaflokkssins.	
<b>3. Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósoluandvirði útboðs eftir því sem við á</b>	
Ástæða fyrir útboði/sölu:	Skuldabréfin eru gefin út sem svokölluð „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna græn verkefni í samræmi við ramma Orkuveitu Reykjavíkur um græn skuldabréf, Reykjavík Energy Green Bond Framework. Græni ramminn er birtur á heimasíðu OR <a href="http://or.is/">http://or.is/</a> og er aðgengilegur fjárfestum á skrifstofu félagsins.
Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	6 m.kr.,-
Áætlað nettósoluandvirði:	2.226 m.kr.,-
Áætluð notkun ágóða:	Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna þau fjölmörgu grænu verkefni sem eru á döfinni hjá OR og dótturfyrirtækjunum – Veitum og Orku Náttúrunnar. Má þarf nefna; orkuvinnslu úr

		endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem raforkuvinnslu og stækkun hitaveitna, vatnsvernd og eflingu fráveitna, snjallvæðingu veitukerfa og kolefnisbindingarverkefni.
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	4,35% Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.
<b>5.</b>	<b>Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á</b>	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísítolu:	Á ekki við.
<b>6.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
		Orkuveita Reykjavíkur getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 80 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlysingu þessari, að því gefnú að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlysing. Verðbréfin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 25. janúar 2021. Núgildandi útgáfuáætlun nemur allt að 9 milljörðum á árinu 2021. Verðbréfin hafa öll verið sold og eru að fullu greidd.
<b>7.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	ISIN númer:	IS0000032910
	Auðkenni:	OR180242 GB
<b>8.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
		Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.
<b>9.</b>	<b>Tilkynning um viðkomandi grunnlysingu</b>	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlysingu	Ísland

#### F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

13.4.2021

\_\_\_\_\_  
Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála

## Hluti III: Samantekt

### SAMANTEKT

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

### Inngangur og varnaðarorð

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlysingu dagsettri 31. júlí 2020 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum 24. ágúst 2020, útgefnum af Orkuveitu Reykjavíkur. („útgefandi“ eða „móðurfélag“), sem varða tiltekin skuldabréf og/eða víxla útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur sem gefa má út í samræmi við 80.000.000.000 kr. útgáfuramma.

Auðkenni verðbréfanna er OR180242 GB og er ISIN-númer þeirra IS0000032910. Útgefandi er Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, og viðskiptaheiti hans er jafnframt OR. Tölvupóstfang er or@or.is og símanúmer +354 516 6100. LEI auðkenni útgefanda er 5493004ARP9VPUIX5B73.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna. Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísast til kafla um áhættuþætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlysingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir ihuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Pað lögbæra yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið). Símanúmer Fjármálaeftirlitsins er +354 569 9600 og tölvupóstfang er fme@sedlabanki.is.

### Lykilupplýsingar um útgefandann

#### 2.1. Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lögheiti útgefanda er Orkuveita Reykjavíkur en viðskiptaheiti útgefanda er jafnframt OR. Tölvupóstfang er or@or.is og símanúmer +354 516 6100. Útgefandi er skráður á Íslandi með kennitölu 551298-3029 og lögheimili að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, Íslandi. LEI kóði útgefanda er 5493004ARP9VPUIX5B73.

Útgefandi er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerðar 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum. Með lögum nr. 58/2008 um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003 var útgefandinn skyldaður til félagsaðskilnaðar á sérleyfis- og samkeppnishluta raforkustarfseminnar. Um starfsemi útgefanda og dótturfélög hans gilda m.a. orkulög nr. 58/1967, raforkulög nr. 65/2003, reglugerð 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, svo og lög nr. 81/2003 um fjarskipti.

Orkuveita Reykjavíkur er útgefandi og er móðurfélag samstæðunnar. Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur veitir þjónustu í gegnum dótturfélög þess sem öll eru í eigu móðurfélagsins. Helstu rekstrarfélög samstæðunnar, þar sem kjarnastarfsemi samstæðunnar fer fram, eru Orka náttúrunnar ohf. og Veitur ohf. sem móðurfelagið á í gegnum eignarhaldsfélagið OR eignir ohf., OR Vatns- og fráveita sf., Gagnaveita Reykjavíkur ehf. og CarbFix ohf. Önnur dótturfélög eru Reykjavík Energy Invest ehf. (fjárfestingafyrirtæki) og Úlfhljótsvatn frítímabyggð ehf. (undirbúningsfyrirtæki). Orkuveita Reykjavíkur telst eining innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Allur rekstur og þar með tekjumyndun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á sér stað í dótturfélögum.

Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu, rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni, enda tengist verkefnið kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að eiga dótturfélög og hlut í öðrum félögum. Orkuveita Reykjavíkur veitir þjónustu í gegnum dótturfélögini Veitur, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur en þau sjá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningi. Hefðbundin veitipjónusta nær til 22 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu og veitir um 75% íslensku þjóðarinnar þjónustu. Orkuveita Reykjavíkur á og rekur þrjár virkjanir, þ.e. jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði ásamt vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði. Uppsett afl í varma og rafmagni þessara virkjana er samtals um 864 MW.

Útgefandi er í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum.

Formaður stjórnar útgefanda er Brynhildur Davíðsdóttir og varaformaður stjórnar er Gylfi Magnússon. Meðstjórnendur eru Valgarður Lyngdal Jónsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Sigríður Rut Júlíusdóttir. Áheyrnarfulltrúi útgefanda er Halldóra Lóða Þorvaldsdóttir. Forstjóri útgefanda er Bjarni Bjarnason. Framkvæmdarstjórar útgefanda eru Ingvar Stefánsson, Skúli Skúlason, Hildigunnur H. Thorsteinsson og Sólrún Kristjánsdóttir. Framkvæmdastjórar dótturfélaga eru Gestur Pétursson (framkvæmdastjóri Veitna ohf.), Erling Freyr Guðmundsson (framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.), Berglind Rán Ólafsdóttir (framkvæmdastjóri Orku Náttúrunnar ohf.) og Edda Sif Pind Aradóttir (framkvæmdastjóri CarbFix ohf.).

Endurskoðandi útgefanda er Grant Thornton endurskoðun ehf., kennitala 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík. Davíð Arnar Einarsson og J. Sturla Jónsson, endurskoðuðu og árituðu ársreikninga samstæðunnar fyrir árin 2018 og 2019. Þeir eru meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í útgefanda og tengdar afleiður eru í eigu Grant Thornton endurskoðunar ehf. eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda.

## 2.2. Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Fjárhæðartölur eru gefnar upp í þúsundum króna.

Tafla 1 - Rekstrarreikningar

	2020	2019	2018
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu	29.454.196	28.172.219	28.616.715

Tafla 2 – Efnahagsreikningur<sup>1</sup>

	2020	2019	2018
Nettó vaxtaberandi skuldir	141.013.500	135.529.074	133.072.552
Veltufjárlutfall (veltufjármunir/skammtímaskuldir)	1,3	1,1	1,0
Hlutfall skulda á móti eigin fé	1,09	1,03	1,11
Vaxtagjökkja ((Handb.fé frá rekstri - vaxtagjöld)/vaxtagjöld)	4,0	4,2	4,0

Tafla 3 – Sjóðsstreymisyfirlit

	2020	2019	2018
Handbært fé frá rekstri	23.152.033	22.864.467	21.053.913
Fjármögnunarhreyfingar	4.609.429	(4.306.872)	(4.418.153)
Fjárfestingarhreyfingar	20.826.279	(21.080.484)	(12.283.601)

<sup>1</sup> Tölur fengnar með útreikningum út frá fjárhæðum í efnahags- og rekstrarreikningi.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda eða samstæðunnar frá endurskoðuðum ársreikningi félagsins fyrir árið 2020. Engar mikilvægar breytingar aðrar hafa orðið á fjárhags-eða viðskiptastöðu útgefanda eða samstæðunnar frá dagsetningu síðustu reikningsskila félagsins 12.. mars 2021. Áritun ársreikninga 2020, 2019 og 2018 voru án fyrirvara.

### 2.3. Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Áhættuþættir þeir sem útgefanda er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög hans og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af útgefanda:

*Kjarnaáhætta*, sem fylgir kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur: Áhætta tengd hita-, vatns-, rafmagns-, frá- og gagnaveitu. Áhætta við orkuframleiðslu og – sölu. Samkeppni á kjarnasviðum.

*Fjárhagsleg áhætta*, sem skv. áhættustefnu skal vera stýrt: *Markaðssveiflna* (gengissveiflur, erlent og innlent vaxtastig, verðlagsþróun, vaxtaálag á álverð) á fjárhagslegan styrk útgefanda.

*Lausaffjáráhætta*, þ.e. geta útgefanda til að mæta skuldbindingum og grípa tækifæri, varðar rekstrarútgjöld, afborganir af lánum, fjárfestingar og samsetningu eignasafns. *Mótaðilaáhætta*, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á útgefanda, varðar stærð einstakra viðskiptavina, einsleita hópa viðskiptavina, innheimtuúrræði og endurheimtur.

*Rekstraráhætta*, sem skv. áhættustefnu skal draga úr: Áhrif áfalla og ófyrirséðs tjóns á fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur, varða bilanir í dreifi-, stjórn- eða eftirlitskerfum, mistök og svik, regluverk og lögsóknir, náttúrhamfarir og orðspor.

## Lykilupplýsingar um verðbréfin

### 3.1. Helstu eiginleikar verðbréfanna

Auðkenni verðbréfanna er OR180242 GB og er ISIN númer þeirra IS0000032910. Skuldabréfin eru óverðtryggð.

Þann 15. apríl 2021 eru gefin út skuldabréf að nafnverði 2.197.500.000,-kr. en ekki hafa áður verið gefin út skuldabréf í sama flokki. Er heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki opin. Skuldabréfin eru gefin út í 1. kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamíðstöð“).

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamíðstöð veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.

Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skulu jafnréttíðar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem njóta lögmælts forgangs.

Komi til fyrirframgreiðslu annarra lána útgefanda er skuldabréfaeigendum heimilt við ákveðin skilyrði að krefjast fyrirframgreiðslu í sama hlutfalli.

Útgefanda, og öðrum aðilum innan samstæðu hans öðrum en Gagnaveitu Reykjavíkur, er óheimilt að veita tryggingarréttindi.

Gjaldfellingar skuldabréfaflokksins, skv. heimildum í skilmálum hans, eru háðar samþykki að lágmarki 25% skuldabréfaeigenda, miðað við fjárhæð.

Til breytinga á skuldabréfafloknum þarf samþykki útgefanda og að lágmarki 66,67% eða 90% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð, eftir eðli breytinganna.

Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 42 jöfnum afborgunum, tvísvar á ári fram á lokajalddaga 18. febrúar 2042.

Höfuðstóll er óverðtryggður.

Útgefanda er óheimilt að umframgreiða verðbréfin á líftíma verðbréfanna.

Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 18. ágúst 2021 og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 18. febrúar 2042. Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna 30/360.

Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti.

### *3.2. Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?*

Óskað verður eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

### *3.3. Eru verðbréfin með ábyrgð?*

Á ekki við.

### *3.4. Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin*

*Almenn áhætta verðbréfa:* Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum er áhættusöm og þráttr fyrir að standa framar í röð kröfuhafa en til að mynda eigendur hlutabréfa, geta eigendur skuldabréfa og víxla tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í verðbréfunum, að heild eða hluta. Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaahættu og ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm.

*Endurgreiðsluáhætta:* Útgefandi gæti lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga.

*Markaðsáhætta:* Verðmæti verðbréfanna getur rýrnað vegna breytinga á mörkuðum, m.a. á ávöxtunarkröfu. Seljanleikaáhætta felst í að fjárfestar geta mögulega ekki selt verðbréfin þegar vilji stendur til og á því verði sem þeir vænta. Þó verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með verðbréfin.

*Verðbólguáhætta* verðtryggðra skuldabréfa felst í að breytingar á verðtryggingarvísitölu geta haft áhrif á virði skuldabréfanna.

*Vaxtaáhætta:* Markaðsvirði verðbréfa með föstum vöxtum lækkar að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu.

*Uppgjörsáhætta* í tengslum við verðbréfin felst í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

Fjárfestar standa frammi fyrir þeirri áhættu að óveðtryggðar kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda.

Áhætta er fólgin í að eigendur skuldabréfanna hafa ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldabréf sín ef gjaldfellingarheimild skuldabréfaeigenda virkjast skv. ákvæðum skuldabréfanna, heldur er gjaldfelling háð samþykki tilskilins hluta skuldabréfaeigenda.

Breytingar á skilmálum eru háðar samþykki tilskilins hlutfalls verðbréfaeigenda, svo ekki er víst að breytingar sem eigandinn veitir samþykki sitt fyrir, nái fram að ganga.

*Lagaleg áhætta:* Lög sem gilda um verðbréfaviðskipti og útgáfu verðbréfanna kunna að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur útgefanda.

## **Lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markaði**

### *4.1. Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?*

Á ekki við.

### *4.2. Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta*

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Orkuveita Reykjavíkur.

#### *4.3. Hvers vegna er þessi lýsing gerð?*

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að gefa út nýjan flokk skuldabréfa OR180242 GB og óskað verður eftir því að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Notkun nettófjárhæð ágóðans: Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna þau fjölmörgu grænu verkefni sem eru á döfinni hjá OR og dótturfyrtækjunum – Veitum og Orku Náttúrunnar. Má þar nefna; orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem raforkuvinnslu og stækkun hitaveitna, vatnsvernd og eflingu fráveitna, snjallvæðingu veitukerfa og metnaðarfull kolefnisbindingarverkefni.

Áætluð nettófjárhæð ágóðans: 2.226 m.kr.

Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa markaða hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.